

Hópur sem hefur störf 25 ára má búast við að lífeyrissjóður greiði þeim laun þriðjunginn af ævinni

Tilgangurinn með greiðslum í lífeyrissjóð er að byggja upp sparnað til að

1. greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur,
2. greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku
3. og styðja maka og börn við fráfall sjóðfélaga.

Eignir lífeyrissjóðanna eru byggðar upp með greiðslum frá launþegum og launagreiðendum. Launþegar greiða 4% launa sinna og launagreiðandi greiðir, samkvæmt kjarasamningum, mótframlag sem nemur 8% á almennum vinnumarkaði en 11,5% hjá opinberum starfsmönnum.


Hvað er verkefni lífeyrissjóðanna stórt? Hve stóran hluta ævinnar mega 25 ára einstaklingar að meðaltali reikna með að fá lífeyri frá lífeyrissjóðum sínum í formi eftirlauna eða örorkulífeyris? Svarið er að sjálfsgöðu einstaklingsbundið. Ævi sumra er það stutt að þeir fá engan lífeyri. Aðrir eiga langa ævi og fá mun meira úr lífeyrissjóðum en þeir greiddu til þeirra. Flestir lifa hins vegar nálægt meðalævilengd, sumir aðeins lengur og aðrir skemur. Miðað við íslenskar

lífs- og örorkulíkur munu lífeyrissjóðir greiða lífeyri að meðaltali um þriðjunginn af ævi fólks eftir 25 ára aldur, eða eitt ár fyrir hver tvö sem unnin eru. Við bætast svo greiðslur til maka og barna sjóðfélaga. Verkefni lífeyrissjóðanna eru því ærin eins og vel má sjá á myndunum sem fylgja greininni.

Meðalævi Íslendinga hefur lengst undanfarna áratugi. Sem dæmi um þetta má benda á að hópur sem kemur á vinnumarkað 25 ára núna má búast við að vera 2,4 árum lengur á eftirlaunum heldur en hópur sem hóf störf fyrir 20 árum. Þar sem lífeyrissjóðirnir greiða eftirlaun til æviloka aukast skuldbindingar sjóðanna þegar meðalævi lengist, ef eftirlaunaaldur er óbreyttur.

Lífeyrissjóðir gegna mikilvægu og vaxandi hlutverki í íslensku þjóðfélagi. Til þess að geta greitt viðunandi eftirlaun og áfallalífeyri (örorku, maka- og barnalífeyri) er mikilvægt að iðgjöld séu greidd alla starfsævina, að sjóðirnir séu hagkvæmir, tryggji góða áhættudreifingu eigna og nái góðri ávöxtun.

Hvaðan koma launatekjur fólks frá 25 ára aldri og til æviloka?



Myndin sýnir hóp 100 einstaklinga sem kemur á vinnumarkað 25 ára og vinnur til 67 ára aldrs.

Bláa svæðið sýnir þá sem eru starfandi á vinnumarkaði og greiða í lífeyrissjóð.


Rauða svæðið sýnir þá sem verða óvinnufærir á starfsævinni og fá örorkulífeyri. Eins og sjá má eykst örorkutiðnin með aldrinum.

Græna svæðið sýnir þá sem eru á eftirlaunum.

Við 67 ára aldur hefur fækkað um u.þ.b. 10% í hópnum og af hinum eru um 20% örorkulífeyrisþegar.

Meðalævilengd eru um 82 ár en eins og myndin sýnir lifir stór hluti hópsins lengur.

Launatekjur og lífeyrisgreiðslur karla og kvenna frá 25 ára aldri



Myndin sýnir meðalævi kvenna og karla sem koma á vinnumarkað 25 ára og hvaðan tekjur þeirra koma.

Konur vinna að meðaltali í 37,6 ár, eru öryrkjar í 3,6 ár og njóta eftirlauna í 17,3 ár. Lífeyrissjóður greiðir konum að meðaltali lífeyri 36% af ævi þeirra eftir 25 ára aldur.

Karlur vinna að meðaltali í 38,4 ár, eru öryrkjar í 2,2 ár og njóta eftirlauna í 14 ár. Lífeyrissjóður greiðir körlum að meðaltali lífeyri 30% af ævi þeirra eftir 25 ára aldur.

■ Launatekjur ■ Örorkulífeyrir
■ Eftirlaun

Í myndunum eru notaðar íslenskar lífslíkur byggðar á reynslu áráanna 2004-2008 og íslenskar örorkulíkur frá árunum 1998-2002.

Bjarni Guðmundsson er tryggingastærðfræðingur. Gunnar Baldvinsson er formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.